



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Inniklæðningar

INNK2HH05

Námáætlun – vor 2024

Kennari/ar: Óskar G. Jónsson – Jón Sigursteinn Gunnarsson

Skammstöfun: ÓGJ / JSG

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnuaðferðum. Nemendur læra um smíði léttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gifsplötum, uppsetningu niðr hengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrymi. Í áfanganum er fjallað um einangrun, útveggja og lofta sem og frágang á rakavörn, einnig er fjallað um eldvaranveggi og hljóðeinangrun húsa. Við förum einnig yfir frágang á timburútveggjum að utanverðu, hvernig við göngum frá vindvörn og möguleikum á mismunandi aðferðum við vindvörn og hvað við þurfum að varast. Kennslan er að mestu bóklegr og hugsanlega verður farið í heimsóknir í fyrirtæki, stefnum að því.

Markmið er að nemendur:

- Viti hvernig á að einangra útveggi og loft timburmannvirkja
- Viti hvernig á að ganga frá rakavörn léttbyggðra húsa
- Viti hvernig á að ganga frá lagnagrind útveggja og lofta
- Viti og hafi skoðanir á því hvernig á að klæða loft út frá mismunandi klæðningarefnum
- Viti hvernig á að byggja upp timburveggi, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggja úr blikkstoðum, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggja í votrymum
- Þekki til mismunandi kefisveggja og kerfislofta, smíði og uppsetningu
- Þekki efni, festingar, áhöld og tæki til smíði og uppsetningu veggja og lofta
- Þekki til gifs og annarra klæðningarefna
- Þekki reglur og leiðbeiningar um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
- Þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
- Þekki efni, áhöld og vinnuaðferðir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
- Þekki öryggisreglur og öryggisbúna

Námsefni:

Inniklæðningar og einangrun, kennslubækur sem stuðst er við. Verkefni frá kennara, ljósrit, leiðbeiningar framleiðanda, efni af neti o.fl. **Legg til að nemendur eignist bókina „Gifsplötur uppsetning veggja“.**

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Verkefni unnin í kennslutímum eða eftir því sem mælt er fyrir um vinnu og skil verkefna.

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf- verkefni
1 – 5	5. til 02 febrúar	Upphaf kynning. Lagt af stað með efni tengt inniklæðningum – loftaklæðningu - kerfisloft	Sjá námsmat hér fyrir neðan.
6 – 9	05. febrúar til 01. Mars	Gifsklæðningar - blikkstoðir og fylgihlutir	
10 - 12	04. mars til 22 mars	Einangrun – eldvarnarveggir – rakasperra og fleira	
13	23. mars til 01. apríl	Páskafri	
14 -	02. apríl til 05 apríl	Einangrun – eldvarnarveggir – rakasperra og fleira	
14 - 18	8. apríl til 3 maí	Gólfefni – parket – upprifjun kerfisloft - yfirferð eftir óskum	
19 -	06. maí til 8. maí	Lokin	

Námsmat:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virka þátttöku í umræðum í áfanganum. Leið og nemandi fer að tjá sig og taka þátt í umræðum um námið og það sem verið er að kenna hverju sinni eru líkur á að nemandinn skilji það sem við erum að fjalla um hverju sinni og bæti þannig stöðugt á þekkingu sína á námsefninu.

Almennt skal skila verkefnum í Innu. Teikningar og efnislistar geta í sumum tilfellum verið skilað beint til kennara.

Almennt gilda skólareglur Fsu um námið eins og varaðndi mætingar og notkun á sínum í tímum.

Fyrirkomulag námsmats:

Þátttaka í tímum, rökræða 10 %		Allt tímabilið
Verkefni 1	15%	verkefni koma stöðugt inn
Verkefni 2	15%	tengjast því sem við erum
Verkefni 3	15 %	að fara yfir hverju sinni
Verkefni 4	15 %	Stundum teikningar
Verkefni 5	15 %	Stundum tillaga að útfærslu
Verkefni 6	15 %	rökræða út í gegn

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.